

## Fundargerð aukaaðalfundar FENÚR árið 2010

**Staður og stund:** Tryggvaskáli Selfossi, 5. nóvember 2010 kl. 11:40.

Formaður Ragna H. Halldórsdóttir bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Ragna kynnti fundarefnið, breytingar á félagsgjöldum og bað Elías Ólafsson að stýra fundinum og Guðmund B. Friðriksson að rita fundargerð.

Elías Ólafsson tók við fundarstjórninni. Fundarstjóri fór yfir reglu um boðun aukaaðalfundar í samþykktum um fagráðið og hvernig staðið var að boðun fundarins. Því næst kallaði fundarstjóri eftir athugasemdum við boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins.

Tillögu stjórnar að breyttum félagsgjöldum var dreift á fundinum og bað fundarstjóri Má Karlsson, gjaldkera í stjórn fagráðsins að gera grein fyrir breytingunum.

Már rakti umræðu um félagsgjöldin á aðalfundi vorið 2010, gengið hefði á sjóði fagráðsins og rekstrartekjur stæðu ekki undir gjöldum. Stjórnin leggur til breytingar á uppbyggingu gjaldskrár þar sem gjaldskrárflokkar verða sjö í stað fjögurra. Már fór yfir hvernig gjald breytist í hverjum flokki, íbúafjölda sveitarfélaga eða starfsmannafjölda fyrirtækis í hverjum flokki og aðrar skýringar á flokkunum. Breytingarnar þýða hækkun hjá einhverjum aðilum, aðalega stærri fyrirtækjum, en lækkun hjá öðrum, aðalega smærri aðilum. Dótturfélög geta nú talist með móðurfélögum sem greiðir þá eitt gjald og sveitarfélög byggðarsamlaga í fagráðinu greiða flokki lægra. Már óskaði eftir spurningum um breytingarnar.

Hrefna B. Jónsdóttir sagði lækkun íbúafjölda úr 5.000 – 20.000 í 5.000 – 15.000 í flokki 4 geta þýtt verulega hækkun fyrir sveitarfélög. Már svaraði því til að reynt hefði verið að jafna stökk milli flokka og upphæðir hækki 50% milli flokka, sumir geta hækkað nokkuð en aðrir lækkað.

Eiður Guðmundsson spurði hvernig einkahlutafélög sveitarfélaga yrðu gjaldfærð, þau falli ekki undir byggðasamlög. Már sagði að stjórninni hefði yfirsétt þetta og myndi breyta hausi dálksins „Sveitarfélög/byggðasamlög“ í „Sveitarfélög/sorpsamlög/einkahlutafélög sveitarfélaga“.

Már sagði stjórnina hafa haft það í huga við endurskoðun gjaldskrárinnar að íþyngja ekki smærri aðilum. Hækka frekar hjá þeim stærri. Hjá fyrirtækjum eins og ráðgjafafyrirtækjum verði horft til þess hve margir starfi að úrgangsmálum (ársverk) við ákvörðun gjaldflokks.

Hafsteinn H. Gunnarsson spurði hversu miklu breytingarnar muni skila í auknum tekjum. Már sagði þær skila um 900 þúsund krónum.

Fundarstjóri kallaði eftir frekari athugasemdum. Engar frekari athugasemdir voru gerðar og voru tillögurnar þá bornar undir atkvæði fundarmanna. Fundarstjóri fór yfir reglur um atkvæðagreiðslur á fundum fagráðsins en samkvæmt samþykktum fagráðsins dugar einfaldur meirihluti. Hins vegar er ekki skýrt hvort um er að ræða meirihluta fundarmanna eða félagsaðildar á fundinum. Fundarstjóri lagði til að miðað yrði við meirihluta fundarmanna og kallaði eftir athugasemdum við það. Engar athugasemdir. Tillögurnar voru samþykktar mótatkvæðalaust með meirihluta fundarmanna.

Fundarstjóri opnaði fyrir önnur mál. Engin önnur mál voru borin upp.

Fundi slitið kl. 12:10.